

naðdugum, heldur verði hver maður látinn ráða því sjálfur, hvort hann vilji bæta nokkru.

1858.
3. nóvbr.

Dýralækníngarráðið í Kaupmannahöfn, 6. október 1858.

H. Bagge,

nú forseti.

**29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í 5. nóvbr.
vesturumdæminu um verzlun lausakaupmanna.**

Með þessu voru bréfi sendum vèr yður, herra amtmaður, eptirrit af bréfi Fr. Hillebrandts, íslenzks kaupmanns og eiganda verzlunarstaðarins á Reykjavíri, er hann kvartar um, að hið fyrra sumar og enn þetta sumar hafi lögbönnuð lausaverzlun rekin verið á Steingrímsfirði, er liggur skammt frá Reykjavíri, og hafi valdsmaður látið slíka lögleysu sig engu skipta. Fyrir því leggjum vèr á við yður að láta rannsaka málið, og skyldi umkvörtun þessi reynast á rökum byggð, þá verði þèr að setja duglega ofaní við sýslumanniinn og áminna hann um að gæta betur embættisskyldu sinnar framvegis.

Vèr vonum, að þèr látið oss vita afdrif þessa máls svo skjótt sem verður.

**30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 8. nóvbr.
á Íslandi um fjárkláðann.**

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, skýrt oss, í bréfi yðru 13. október um fjárkláðann í suðurumdæminu, frá heilbrigðisástandum sauðfjárins í Rángárvallasýslu og hversu sýslubúar sé mótfallnir lækningatilraunum. Vèr viljum enn að nýju, líkt og vèr höfum áður ritað yður í bréfi voru 3. þ. m., mælast til þess, að þèr leitizt við með ráðum þeim, er þèr eigið vald á, og þó einkum með aðstoð hreppsnefndanna í Rángárvalla sýslu, að koma því til leiðar, að lækningar sé reyndar og viðhafðar sem dýralækníngarráðið hefir fyrir sagt, að þèr einnig

1858. útvegið og sendið oss áreiðanlegar og nákvæmar haglýsingar
8. nóvbr. úr hrepp hverjum í sýslunni og hvað gjört hafi verið til að stöðva sýkina. Vær biðjum yður og að skýra oss nákvæmar frá því að vori komanda, hvort yður þyki nauðsyn á að hëðan sè sendir dýralæknar til suðurumdæmisins til aðstoðar við lækn-
ingarnar, og þá hve margir.

En um beiðslu þá, er fylgdi bréfi yðar, um borgun til handa hreppsnefndamönnum, þá sendum vér yður nú 1 exemplar af frumvarpi til viðaukalaga árið 1858—59, er nú er búíð að leggja fram á þingi Dana, en eigi að samþykkja; muni þér af því sjá mega, að dómsmálastjórnin hefir, samkvæmt tilmælum yðar í bréfi 11. júní þetta sumar, sett 6000 rd. „við 9. gr. staflíð 2 a 2“, er vera skyldi leigulaust lán handa suðurumdæminu, svo að það gæti borgað dýralæknum þeim, er fengnir hafa verið til að lækna fjárkláðann, og aðstoðarmönnum þeirra; en þess verðum vér að geta, að nokkurn hluta fjár þessa, svo framarlega sem nú ríkisþingið jatar fenu, verður að taka til þess að borga þeim Jensen og Hansteen, dýralæknum, það sem þér segið í bréfi yðru 28. ágúst að þeir hafi átt eptir ógoldið af launum sínum á Íslandi; vér munum og gjöra það að álitum, þá er vér höfum fengið svar yðar upp á bréf vort 18. f. m., hvort eigi skuli og taka af þessum 6000 rd. til þess að borga með þá 1333 rd. 32 sk., er getið er um í bréfinu, eður þó nokkuð af þeim.

Að lyktum látum vér yður vita, að sjálfsagt verður engum greiðslum lokið af fé þessu, fyrr en þing Dana hefir goldið þar á samkvæði sitt.

9. nóvbr. **31. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmanna á Íslandi um dómstefnur glæpamála til yfirrettanna og hæstaréttar.**

Með þessi bréfi voru sendum vér yður, herra (títull) eitt exemplar af umburðarbréfi dómsmálastjórnarinnar, dagsett 21. júní þetta ár, um dómstefnur glæpamála til yfirrettanna og